5. gr.

Í upphafi X. kafla á undan bókstafslið A bætast sex nýjar málsgreinar svohljóðandi:
Læknadeild veitir kennslu sem hér segir:
Til kandídatsprófs í læknisfræði.
Til kandídatsprófs í lyfjafræði.
Til B.S. prófs í hjúkrunarfræði.
Til B.S. prófs í sjúkraþjálfun.
Til meistara- og doktorsprófs í heilbrigðis- og lífvísindum á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

6. gr.

Reglugerð þessi sem er settt samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. október 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur G. Einarsson.*

Nr. 119 30. september 1994

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda laugardaginn 1. október 1994. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 30. september 1994.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

Nr. 120 10. október 1994

# AUGLÝSING

## um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 10. október 1994.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*